

62. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 18. mars 2010 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Sigurður Ragnar Kristinsson, Sigurður Jóhannes Jónsson, Sigurborg Hulda Sigurðardóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Hilma Steinarsdóttir, Jóhanna Helgadóttir, Gunnólfur Lárusson og Björn Guðmundur Björnsson sem ritaði fundargerð á tölvu.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna, spurði hvort að einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboðun.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðun.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð nefnda og ráða.

Fundargerð sveitarstjórnar dags. 5. mars 2010

Lögð fram til kynningar.

a. Fundargerð USB dags. 15. mars 2010

Í lið tvö í fundargerðinni er gjaldskrá hunda-og kattahalds og er eftirfarandi hluti hennar samþykktur.

- Hundaleyfisgjald kr. 7.500
- Kattaleyfisgjald kr.3.000

Fundargerðin samþykkt samhljóða en ákveðið að taka lið 4 sem sérstakan dagskrárlið á næsta sveitastjórnarfund.

b. Fundargerð landbúnaðarnefndar dags. 10. mars 2010

Í fundargerðinni leggur landbúnaðarnefnd til að tvær breytingar verði gerðar í

fjallskilasamþykkt fyrir svæði austan Vaðlaheiðar að vestari mörkum Vopnafjarðarhrepps.

- Tillaga að breytingu á heiti fjallskilasamþykktarinnar og að hún verði „Fjallskilasamþykkt fyrir svæðið austan Vaðlaheiðar að mörkum Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps.“
- Tillaga um breytingu á 13. grein er varðar fjárréttir. Í Langanesdeild vestri verði aðalréttir: Hallgilsstaðarétt og Ósrétt og í Langanesdeild eystri verði aðalrétt: Miðfjarðarnesrétt.

Samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að koma þessum breytingartillögum til stjórnar héraðsnefndar.

c. Fundargerð Langaneshafna dags. 12. mars 2010

Borið var undir fundinn vanhæfi Siggeirs, samþykkt samhljóða og vék hann af fundi.

Fundargerð samþykkt samhljóða – Siggeir kom til fundar

d. Fundargerð Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 26. febrúar 2010

Lögð fram til kynningar

2. Svarbréf vegna Fjarðarvegur 14 dags. 14. mars 2010

Í bréfi frá Guðjóni Gamalíelssyni er talað um að húsið við Fjarðarvegur 14 (Sandvík).
Siggeir fór af fundi.

Sveitarstjórn þakkar Guðjóni fyrir og fagnar því að gera eigi húsið upp. Sveitarstjóra falið að kanna málið frekar með tilliti til gildandi aðalskipulags– skal þá erindið koma fyrir sveitarstjórn til endanlegrar afgreiðslu innan viku..

Samþykkt með 4 atkvæðum og tveir sátu hjá.

3. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Sveitarstjóri fór yfir stöðu leikskólans á Bakkafirði, og með tilliti til þess að fyrirsjáanlegt er að einungis munu 1-2 börn nýta sér þjónustuna, sér sveitarstjórn að svo stöddu, ekki annað hægt en að segja upp þeim starfsmönnum sem þar starfa.

Sigurður Jóhannes Jónsson óskaði að eftirfarandi yrði bókað

„Þar sem á sl. fundi sveitarstjórnar var fundargerð ÍTN ekki borin upp til samþykktar heldur til kynningar, óska ég eftir að fundargerðin verði borin upp til samþykktar á næsta fundi hreppsnefndar.

Samþykkt að taka hana til afgreiðslu á næsta fundi sveitarstjórnar

Athugasemd er varðar lið d. (starfsmannamál) á síðasta fundi sveitarstjórnar.

Sigurður Jóhannes leggur einnig fram eftirfarandi bókun:

Í fréttabréfi sem sent var til íbúa, varðandi stöðu ferða- og menningafulltrúa er ritað að sú staða krefjist 100% stöðugildis, tel ég það ekki eiga við nein rök að styðjast á kostnað umræddrar stöðu æskul- og menningafulltrúa.

Ég tel einnig að alltaf beri að auglýsa allar lausar og nýjar stöður hjá sveitarfélaginu Æskulýðsstarfi í Langanesbyggð beri að sýna þá virðingu.

Sigurður Ragnar Kristinsson lagði fram eftirfarandi tillögu varðandi sama lið:

Ákvörðun um starfsmannamál sem tekin var á fundi sveitarstjórnar, verði endurskoðuð, meðal annars með tilliti til athugasemda í fundargerð ÍTN frá 18. febrúar 2010.

Samþykkt samhljóða og ákveðið að taka málið fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar.

4. Innsend erindi.

a. Úthlutun úr verkefnasjóði menningarráðs Eypings árið 2010

En tvö verkefni úr Langanesbyggð hlutu styrk

➤ *Verkefnið minnisvarði um Kristján frá Djúpalæk hlaut 250.000*

➤ *Verkefnið Sjónlistanámskeið í vinnuskóla Langanesbyggðar hlaut kr.200.000*

Sveitarstjórn Langanesbyggðar þakkar menningaráði Eypings fyrir veitta styrki.

b. Fundarboð á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga dags. 12.03.2010

Samþykkt samhljóða að sveitarstjóri mæti á fundinn fyrir hönd Langanesbyggðar.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl: 20:40